

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá Hæstarétti.

Aðrar kröfur sóknaraðilja, Ewalds Berndsens, á hendur varnaraðilja, Unnsteini Beck skiptaráðanda, eru eigi teknar til greina.

Föstudaginn 23. október 1970.

Nr. 238/1969. Óskar Árnason

(Áki Jakobsson hrl.)

gegn

Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skuldamál. Frávísun fjárnámsgerðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. nóvember 1968. Krefst hann þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda, að fjárnámsgerð, er í málinu greinir og framkvæmd var hinn 24. júní 1968, verði felld úr gildi og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Frestur til að áfrýja fjárnámsgerðinni var liðinn, þegar stefna var gefin út, og framangreint áfrýjunarleyfi tekur ekki til þeirrar dómsathafnar. Þessum þætti málsins er því sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Af hálfu áfrýjanda var ekki sótt þing í héraði. Hann hefur eigi fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 57/1962, og koma því málsástæður hans eigi til álita í Hæstarétti. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð er sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Óskar Árnason, greiði stefnda, Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunradóms Gullbringu- og Kjósarsýslu

23. febrúar 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. febrúar s.l., hefur Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f, Ytri-Njarðvík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 7. október s.l., gegn Óskari Árnasyni, Landakoti, Sandgerði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 34.458.01 með 1% dráttarvöxtum á mánuði frá 28. febrúar 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkvæmt nótum frá tímabilinu 2. janúar 1963 til 11. febrúar 1966 fyrir vinnu og efni við vélbát hans, m/b Freyju, GK 48. Hafi skuldin upphaflega numið kr. 74.458.41, en stefndi hafi greitt hinn 12. febrúar 1966 kr. 40.000.00 af skuldinni, þannig að eftir standi stefnukrafan.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 8%, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1960 og auglýsingu Seðlabanka Íslands frá 30. desember 1965.

Málskostnaður ákveðst kr. 6.605.00.

Már Pétursson fulltrúi kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Þorsteini Einarssyni og Þorsteini Eyjólfssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Óskar Árnason, Landakoti, Sandgerði, greiði stefnanda, Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f, Ytri-Njarðvík, kr. 34.458.01 með 8% ársvöxtum frá 28. febrúar 1966 til greiðsludags og kr. 6.605.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu

24. júní 1968.

Ár 1968, mánudaginn 24. júní, var fógetaréttur Gullbringu- og Kjósarsýslu settur að Norðurgötu 11, Sandgerði, Miðneshreppi, og haldinn með undirrituðum vottum af Skúla Thorarensen. Fyrir tekið fógetamál: Skipasmíðastöð Njarðvíkur gegn Óskari Árnasyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 dóm.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón E. Jakobsson héraðsdómslögmaður vegna Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns og krefst fjárnáms fyrir kr. 34.458.00 með 8% ársvöxtum frá 28. febrúar 1966 til greiðsludags, kr. . . . í banka, stimpil- og afsagnarkostnað (sic), kr. 115.00 í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 6.650.00 í málskostnað samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í., kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki mættur, en fyrir hann mætir Anna Sigurðardóttir, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst mætti ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola, fasteign, Norðurgötu 11, Sandgerði, Miðneshreppi.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerð þessari.

Upplesið, staðfest. Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.